
Efnistaka í Undirhlíðum, Hafnarfjarðarbæ

Álit um umhverfismat framkvæmdar

1 Inngangur

1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 26. ágúst 2025 lagði Hafnarfjarðarbær fram umhverfismatsskýrslu um efnistöku í Undirhlíðum, Hafnarfjarðarbæ til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Hafnarfjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Vegagerðarinnar.

Umhverfismatsskýrslan var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 27. september og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími var frá 25. september til 6. nóvember 2025.

1.2 Gögn

Framlögð gögn Hafnarfjarðarbæjar

Umhverfismatsskýrsla: Efnistaka úr Undirhlíðum, Hafnarfirði. Mat á umhverfisáhrifum. Hafnarfjarðarbær – VSÓ Ráðgjöf. September 2025.

Viðaukar með umhverfismatsskýrslu:

- Efnistökusvæði við Undirhlíðar – hagkvæm nýting og skipulag og mat á verndargildi jarðmyndana og landslagsheilda. Alta, 2003.
- Rannsóknir við Undirhlíðar sumarið 2024. RORUM og Náttúrustofa Norðurlands vestra, 2024.
- Efnistaka úr Undirhlíðum - Ásýndarmyndir. VSÓ Ráðgjöf, 2025.

Framkvæmdaraðili lagði fram uppfærða umhverfismatsskýrslu 22. september 2025

Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá:

- Hafnarfjarðarbæ dags. 30. október 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 6. nóvember 2025
- Náttúruverndarstofnun dags. 6. nóvember 2025
- Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness dags. 11. nóvember 2025



- Vegagerðinni dags. 17. nóvember 2025
- Minjastofnun Íslands dags. 19. nóvember 2025

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum þann 19. desember 2025.

2 Framkvæmd

2.1 Forsaga

Unnið var umhverfismat fyrir efnistöku úr Undirhlíðum árið 2004 þar sem umfang efnistöku var 8 milljón m³ og tók til svæðis beggja vegna Leiðarendavegar. Efnistaka fór fram norðan Leiðarendavegar og er áætlað að umfang hennar hafi verið um 3-5 milljón m³. Þeirri námu var lokað árið 2009 þegar hún var fullnýtt. Ekki var hafist handa við efnistöku sunnan Leiðarendavegar en nú eru uppi áform um að hefja efnistöku að nýju sunnan vegarins.



Mynd 1. Í forgrunni er fullnýtt náma norðan Leiðarendavegar. Fyrirhugað efnistökusvæði sunnan Leiðarendavegar er afmarkað með hvítri línu (Mynd fengin úr greinargerð framkvæmdaraðila).

2.2 Framkvæmdalýsing

Í köflum 5.1 til 5.7 í umhverfismatsskýrslu Hafnarfjarðarbæjar er að finna lýsingu á framkvæmdinni sem felst í að vinna um 4,8-5,8 milljónir m³ af föstu efni, aðallega bólstrabergi, í fjórum áföngum í Undirhlíðum, sunnan Leiðarendavegar í Hafnarfirði. Hámarks leyfileg vinnslustærð verður um 150.000 – 300.000 m³ á ári. Unnið verður í einum áfanga í einu og verður ekki farið í næsta áfanga fyrr en frágangi þess fyrri er lokið. Heildarvinnsla hvers áfanga gæti numið allt að 1.500.000 m³ yfir fimm ára tímabil. Efni verður losað með borunum og sprengingum eftir þörfum. Eftir að efni hefur verið losað er það malað og sigtað, til að aðgreina það eftir kornastærð, og síðan mokað upp með gröfu og flutt burt með efnisflutningabifreiðum. Framkvæmdatími er áætlaður um 20 ár, þar sem gert er ráð fyrir að það taki um 5 ár að vinna hvern áfanga. Frágangur efnistökusvæðisins felur í sér að svæðið verði hreinsað, mótað og grætt upp að lokinni vinnslu



2.3 Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu Hafnarfjarðarbæjar eru settir fram valkostir varðandi afmörkun efnistökusvæðis og efnismagn annars vegar og legu Leiðarendavegar hins vegar:

- Valkostir um efnismagn: Lagt er mat á hámarksefnistöku á svæðinu sunnan Leiðarendavegar í samræmi við framkvæmdalýsingu og heimild fyrir efnistöku samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Í matsáætlun hafi komið fram að niðurstöður umhverfismats yrðu nýttar til þess að ákvarða umfang efnistöku. Niðurstaða mats sé að miða við hámarksefnistöku á svæðinu.
- Valkostir varðandi legu Leiðarendavegar: Við umhverfismat hafi verið skoðaðir mismunandi valkostir fyrir legu Leiðarendavegar, annars vegar núverandi veglína og hins vegar færð lega í samræmi við gildandi deiliskipulag. Við undirbúning framkvæmdarinnar og vinnslu umhverfismatsskýrslunnar hafi komið í ljós að valkostur um óbreytta vegalegu sé ekki talinn raunhæfur m.t.t. umferðaröryggis.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu Hafnarfjarðarbæjar eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð og óverulega neikvæð, engin áhrif, óverulega jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 17 í umhverfismatsskýrslunni.

Skipulagsstofnun styðst við vægiseinkunnir úr leiðbeiningum stofnunarinnar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa en notar einnig einkunnina nokkuð neikvæð áhrif og er þá átt við staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið kann að njóta verndar eða vera á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum og áhrifin geta verið að hluta varanleg og óafturkræf.

Við umfjöllun um hvern umhverfispátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati Hafnarfjarðarbæjar á umhverfisáhrifum. Síðan er fjallað um efnisatriði úr umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu og úr svörum framkvæmdaraðila við þeim. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila, umsögnum, svörum framkvæmdaraðila við umsögnum og eftir atvikum öðrum gögnum.


3.1 Áhrif á landslag, ásýnd og útivist

3.1.1 Mat Hafnarfjarðarbæjar

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að ásýnd og landslag framkvæmdasvæðisins einkennist af náttúrulegu umhverfi, að undanskilinni námunni norðan megin við Leiðarendaveg. Landslagið hafi þó nokkuð gildi, t.a.m. vegna útivistar og fornleifa en efnistökusvæðið sé staðsett innan Reykjanesfólkvangs og innan hverfisverndarsvæðis (Hvb18). Áhrifasvæði framkvæmdanna virðist ekki vera mikið nýtt til útivistar og ferðaþjónustu samanborið við önnur svæði á Reykjanesi og í Hafnarfirði. Fram kemur að fornar þjóðleiðir liggi um svæðið og megi þar helst nefna Undirhlíðarveg og Dalaleið sem báðar séu merktar á göngukorti Reykjaness. Efnistakan muni koma til með að breyta einkennum landslagsins með því að móta yfirborð og breyta hæðarlínunum. Á framkvæmdatíma geti efnistaka myndað skörp skil milli óraskaðs lands og svæða þar sem efni hafi verið fjarlægð sem valdi því að svæðið falli ekki að umhverfi sínu og dragi úr náttúrulegri heildarmynd. Framkvæmdin geti einnig haft áhrif á menningarlandslag og dregið úr upplifunargildi svæðisins fyrir útivistarfólk vegna áhrifa á götur og vörður sem ber vitni um fornar leiðir. Útbúnar hafi verið ásýndarmyndir sem gefi til kynna mögulega ásýnd svæðisins á framkvæmdartíma og eftir að efnistöku lýkur (sjá mynd 2). Frágangur svæðisins muni fela í sér að svæðið verði hreinsað, mótað og grætt upp að lokinni vinnslu og að gróðursetning verði einskorðuð við „íslenskan gróður“ og að



notast verði við svipaðar tegundir við uppgræðslu og séu á svæðinu. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin komi til með að breyta ásýnd svæðisins og landslagi og telur að áhrifin verði talsvert neikvæð á landslag og ásýnd þar sem áhrifanna muni gæta til langs tíma og séu óafturkræf. Áhrif á útivist og ferðaþjónustu verða að mati framkvæmdaraðila óveruleg til talsverð.



Mynd 2: Ásýndarmyndir sem gefa til kynna mögulega ásýnd svæðisins fyrir, á meðan (4. áfangi) og eftir, frágengin náma, þar sem gert er ráð fyrir uppgræðslu með birki (Mynd fengin úr umhverfismatsskýrslu).

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að frágangur við verklok verði þannig að brúnir verði aðlagðar að aðliggjandi landslagi og svæðið grætt upp í samráði við Náttúruverndarstofnun.

3.1.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að í næsta nágrenni við námusvæðið séu vinsæl útivistarsvæði og áningarstaðir og að ekki komi fram hvort breytingar á ásýnd svæðisins muni verða sýnilegar frá þeim á framkvæmdatíma. Stofnunin bendir einnig á að þar sem námustálið sé bratt á fyrirhuguðu efnistökusvæði sé nauðsynlegt að frágangur fari fram samhliða efnistöku. Stofnunin telji mikilvægt að námureksturinn hamli ekki umferð gangandi um svæðið.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif á ásýnd verði aðallega staðbundin en þeir áfangastaðir sem hafi hvað mest aðdráttarafl á svæðinu séu hellirinn Leiðarendi, Helgafell og Aurora Basecamp. Lítið sjáist til námunar við bílastæðið að Leiðarenda, en gestir hellisins sjái vissulega efnistökusvæðið á leiðinni þegar þeir keyri Leiðarendaveg. Ofan af Helgafelli sjáist mjög víða, og meðal annars að fyrirhuguðu efnistökusvæði, en það sé þó í talsverðri fjarlægð (2,7 km). Um 2,8 km séu frá byggingum fyrirtækisins Aurora Basecamp, þar sem það bjóði upp á norðurljósaupplifun. Frá fyrirtækinu sjáist í fjarska í gömlu námuna og fyrirhugað efnistökusvæði, en það sé ekki áberandi. Einnig megji búast við að flestir gestir fyrirtækisins njóti svæðisins eftir myrkur.

3.1.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda felist í sjónrænum áhrifum en um er að ræða efnistöku innan fólkvangs í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins og er útivist stunduð í nokkrum mæli á og í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Fyrir liggur að námustarfsemi hefur farið fram á svæði við hliðina á fyrirhuguðu efnistökusvæði og því eru áhrif á ásýnd að nokkru leyti komin fram en með frekari efnistöku munu áhrif á ásýnd svæðisins og um leið á upplifun útivistarfólks og annarra ferðamanna verða umfangsmeiri. Helstu áhrifin eru á framkvæmdatíma sem verður mjög langur eða allt að tuttugu ár en framkvæmdaraðili hyggst ganga frá hverjum áfanga fyrir sig áður en hafin er vinnsla úr næsta og er sú tilhögun til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi vandaðs frágangs og telur að áhrif



efnistökunnar komi til með að verða staðbundið talsvert neikvæð vegna lengdar framkvæmdatíma og vegna samlegðaráhrifa með annarri efnistöku auk þess sem horfa þarf til þess að fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan Reykjanesfólkvangs.

3.2 Áhrif á jarðmyndanir

3.2.1 Mat Hafnarfjarðarbæjar

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að efnistaka muni ekki raska eldhrauni né klepra- og gjallgígum sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Varðandi rask innan friðslýsts fólkvangs kemur fram að móberg og stapar séu einkennandi fyrir landslag á svæðinu og að stærð fólkvangsins sé um 29.000 ha en flatarmál hámarksvinnslusvæðis fyrirhugaðrar efnistöku sé um 26 ha og sé því umfang nýrra áhrifa takmarkað í samanburði við stærð fólkvangsins og það rask sem þegar hafi átt sér stað. Helstu áhrif framkvæmdanna verði vegna umfangs fyrirhugaðs vinnslusvæðis. Áhrif framkvæmda á jarðminjar séu talin sambærileg milli valkosta um legu Leiðarendavegs. Áhrifin verði staðbundin og séu óafturkræf og muni hafa óveruleg til talsvert neikvæð áhrif á jarðminjar vegna umfangs.

3.2.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að ekki sé rétt að efnistaka fari fram á svæði sem þegar hafi verið raskað en efnistaka sé fyrirhuguð á óröskuðu svæði sem liggja að eldra efnistökusvæði. Einnig kemur fram að Skúlatúnshraun, nútímahraun sem njóti verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd, sé rétt við námusvæðið og sé mikilvægt að því verði ekki raskað vegna efnistökkunnar eða flutnings Leiðarendavegar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að rétt sé að sjálft yfirborð fyrirhugaðs efnistökusvæðis hafi ekki verið raskað, heldur sé átt við í matskýrslu að efnistökusvæðið liggja að aflagðri námu og því áætluð umhverfisáhrif, líkt og á ásýnd, minni en á nýju svæði sem sé óraskað á stærri skala. Efnistaka muni ekki ná inná Skúlatúnshraun.

3.2.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða óafturkræft jarðefnanám sem felst í all umfangsmikilli vinnslu úr jarðmyndunum innan Reykjanesfólkvangs en jarðmyndanirnar sem slíkar njóta ekki sérstakrar verndar og þeim hefur verið raskað nú þegar á svæði í næsta nágrenni. Að teknu tilliti til framangreinds metur Skipulagsstofnun það svo að áhrif fyrirhugaðrar efnistöku verði nokkuð neikvæð á jarðmyndanir.

3.3 Áhrif á vatnshlot og vatnsvernd

3.3.1 Mat Hafnarfjarðarbæjar

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að innan framkvæmdasvæðisins sé grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraumur (104-265-G). Í vatnavefsja komi fram að ástand grunnvatnshlotsins sé óþekkt og að í álagsgreiningu sé grunnvatnshlotið ekki metið í hættu eða óvissu. Þekkt álag sé skráð á það vegna iðnaðarstarfsemi á Völlumum. Fram kemur að helsta mengunarhætta við framkvæmdirnar og rekstur efnistökusvæðisins megi skipta í tvennt, annars vegar vegna vinnutækja og véla, starfsmannaaðstöðu og salernis- og hreinlætisaðstöðu og hins vegar vegna tækja við veglagningu auk umferðar og flutninga. Olía úr eldsneytisgeymum og glussi af vökvakerfum geti lekið frá vinnuvélum tækjum og bílum. Atvik sem valdi mengun geti orðið vegna skorts á viðhaldi tækja, véla og bíla, röngum vinnubrögðum eða óhöppum og ónógri þjálfun starfsfólks. Díselolía, bensín og glussi innihaldi jarðolíur og kolefni (e. hydrocarbons) sem séu meðal þeirra efna sem nota eigi sem gæðapætti til að meta efnafræðilegt ástand grunnvatnshlota. Ekki sé



talið að á efnistökusvæðinu verði önnur slík efni. Gerlamengun sé áhættuþáttur á vatnsverndarsvæðum og geti gerlamengun stafað frá starfsmannaaðstöðu.

Varðandi vatnsvernd þá kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði sé að mestu leyti staðsett innan fjarsvæðis vatnsverndar í Kaldárbotnum sem og vegur næst því. Fram kemur að lekt móbergsins undir efnistökusvæðinu sé undir meðallagi og jarðlögin undir og í grennd við efnistökusvæðið séu því frekar þétt og hleypi ekki vel í gegnum sig.

Framkvæmt var áhættumat í samræmi við 47. gr. samþykktar nr. 555/2015 og samofið áhættumatinu var lagt mat á áhrif á grunnvatnshlotið undir fyrirhuguðu efnistökusvæði og Leiðarendavegi þar sem tekið var mið af leiðbeiningum Umhverfis- og orkuskiptunar.

Fram kemur að niðurstöður áhættumats og mats á áhrifum á vatnshlot séu þær að útilokað sé að mengun geti dreifst suður í átt að fyrirhuguðu framtíðarvatnsbóli í Fagradal, í um 3,5 km fjarlægð frá efnistökusvæðinu. Stefna grunnvatnsstraums sé í átt frá því svæði og fari undir Undirhlíðar á leið sinni niður í Straumsvík. Engar þekktar sprungur eða misgengi stefni frá Undirhlíðum að Fagradal.

Framkvæmdaraðili setur fram nokkrar áhættuminnkandi aðgerðir og mótvægisáðgerðir t.d. með notkun rafknúinna vinnutækja og vinnutækjum og bílum sem gangi fyrir olíu verði lagt á öruggt svæði með olíugildru. Notast verði við mengunarvarnarbúnað, stýring verði á umferð og sett verði fram viðbragðsáætlun og öryggis- heilbrigðis- og umhverfisáætlun, auk fleiri aðgerða.

Það sé mat framkvæmdaraðila að fyrirhugaðar framkvæmdir og rekstur efnistökusvæðisins muni ekki valda því að ástand grunnvatnshlotsins Straumsvíkurstraumur geti rýrnað og fallið um ástandsflokk né að neikvæð áhrif verði á vatnsverndarsvæði og vatnsból í grenndinni. Þessi niðurstaða taki einkum mið af því að ekki verði farið dýpra en 100 m, að grunnvatnsstraumar falli ekki í átt að vatnsbólinu í Kaldárbotnum og að fyrirnefndar áhættuminnkandi aðgerðir verði viðhafðar og viðbragðsáætlun verði til staðar gagnvart mengunarhættu og óhöppum. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á vatnshlot og vatnsvernd verði óverulega neikvæð.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Mælingar verði á grunnvatni innan efnistökusvæðis. Unnið verði samkvæmt verklagi sem taki mið af áhættuminnkandi aðgerðum.

3.3.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði og aðkomuvegur næst námunni séu að mestu leyti staðsett innan fjarsvæðis vatnsverndar. Vatnsból Vatnsveitu Hafnarfjarðar sé staðsett í sigdal í Kaldárbotnum í einungis 3 km fjarlægð frá fyrirhuguðu efnistökusvæði og að framtíðarvatnsból Hafnfirðinga sé í um 3,5 km fjarlægð sunnan við efnistökusvæðið. Þá sé einnig til umfjöllunar hjá heilbrigðiseftirlitinu starfsleyfi fyrir tilraunboranir vegna varavatnsbóls í Undirhlíðum og sé sú hola einungis í 1,5 km fjarlægð frá efnistökusvæðinu í Undirhlíðum. Ljóst sé að endurmeta þurfi vatnsverndarsvæði ef og þegar varavatnsból Hafnarfjarðar verði tekið í notkun í Fagradal eða við Undirhlíðar og líklegt að skilgreining vatnsverndarsvæða breytist með þeim hætti að grannsvæði vatnstökusvæðis í Fagradal stækki í átt að fyrirhuguðu efnistökusvæði og sama gildi um vatnsverndarsvæðið vegna vatnstöku við Undirhlíðar. Hugmyndir Vatnsveitu Hafnarfjarðar sem fylgi umsókn (sem er í vinnslu hjá heilbrigðiseftirlitinu) um starfsleyfi fyrir borun á tveimur rannsóknarholum við Undirhlíðar, steinsnar frá fyrirhuguðu námusvæði, sé að með borun og prófun rannsóknarborholanna fari fram vatnafarsrannsókn sem miði að því að meta framtíðar vatnsöflunarmöguleika fyrir Hafnarfjörð við Undirhlíðar. Aflað verði upplýsinga um vatnafræði og jarðfræði svæðisins með það að markmiði að veita betri innsýn í eiginleika grunnvatnskerfisins og



Þá hvort svæðið við Undirhlíðar sé hentug staðsetning til vatnsöflunar til framtíðar. Að mati heilbrigðiseftirlitsins sé mikilvægi vatnsnýtingar á svæðinu umtalsvert meiri en námuvinnsla til skamms tíma. Rannsóknir á svæðinu muni einnig veita nýjar upplýsingar um grunnvatnskerfið, sem skynsamlegt sé að bíða eftir áður en farið verði í framkvæmdir og efnistaka leyfð á svæðinu. Í umsögn sinni bendir eftirlitið á að staðsetning misgengis eins og hún er sýnd á mynd í umhverfismatsskýrslunni beri hvorki saman við bergrunnskort Helga Torfasonar og Magnúsar Á. Sigurgeirssonar frá 2002 né bergrunnskort ÍSOR og að það vanti að vitna til heimilda fyrir myndina sem sýni þetta misgengi. Þar sem misræmis gæti um misgengið og ófullnægjandi gögn tilgreind í skýrslunni þá þurfi að gera ítarlegri grein fyrir umræddu misgengi m.t.t. áhættu á mengun grunnvatns. Einnig kemur fram að til þess að hægt sé að meta áhættu frá efnistökusvæðinu á fullnægjandi hátt þyrftu að liggja fyrir dreifingarreikningar fyrir fulluppleyst og sérstaklega, torleyst mengunarefni (olíu) frá efnistökusvæðinu. Eftirlitið telur að áhættan á að hefja námuvinnslu við Undirhlíðar sé mikil og hætta sé á að umhverfismarkmið vatnshlotsins, Straumsvíkurstraumur, náist ekki ef mótvægisáðgerðir sem nefndar séu í áhættumati dugi ekki.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé talin hætta á að megnun geti borist í Kaldárbotna þar sem þaðan renni grunnvatnsstraumur úr gagnstæðri átt miðað við efnistökusvæðið, úr norðaustri-austri, áður en hann sveigi í átt að Straumsvík. Talið sé útilokað að mengun geti dreifst með grunnvatnsstraumum suður í átt að fyrirhuguðu framtíðarvatnsbóli í Fagradal, í um 3,5 km fjarlægð frá efnistökusvæðinu. Stefna grunnvatnsstraums sé í átt frá því svæði og fari undir Undirhlíðar á leið sinni niður í Straumsvík. Auk þess sé talið að vatnfræðilegir eiginleikar móbergs undir fyrirhuguðu efnistökusvæði og vegi og lítil lekt minnki líkur á dreifingu mengunar ef til mengunarslyss komi. Ýmsar áhættuminnkandi aðgerðir séu lagðar til í umhverfismatsskýrslunni til að draga úr mengunarhættu. Áætlaður rekstrartími fyrirhugaðrar efnistöku séu 20 ár og ef ákveðið verði að hefja aðra starfsemi á svæðinu innan þess tímabils þurfi að framkvæma áhættumat fyrir hana sem taki mið af efnistökunni. Fram kemur að láðst hafi að setja heimild fyrir mynd sem sýni misgengi en að gögnin sem nýtt hafi verið við gerð myndarinnar eigi uppruna sinn í kortagrunni Náttúrufræðistofnunar. Kortið úr kortagrunni Náttúrufræðistofnunar beri að mestu saman við bergrunnskortið frá ÍSOR. Niðurstaða á samanburði þessara gagna breyti ekki áhættumati eða mati á áhrifum á vatnshlot. Ekki sé talið líklegt að möguleg mengun innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis berist á móti grunnvatnsstraumi til Kaldárbotna, né að mögulegu vatnsbóli í Fagradal en ekki sé þó hægt að útiloka að misgengi austan og sunnan við fyrirhugað efnistökusvæði geti borið mengun í suðvestur eða norðaustur ef slys eigi sér stað utan afmörkunar efnistökusvæðisins, suðaustan við misgengið. Hvað grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraum varði þá bendir framkvæmdaraðili á að þrátt fyrir þekkt álag á grunnvatnshlotið, m.a. vegna iðnaðarstarfsemi á Völlum og gamalla ruslahauga við Hamranes, austan Hvaleyrarvatns, hafi það ekki verið metið í hættu í álagsgreiningu á vegum Umhverfisstofnunar árin 2012-2013 og í endurskoðun hennar við undirbúning vatnaáætlunar Íslands 2022-2027. Þar vegi þýngst mikil þýnning í grunnvatnshlotinu af völdum sterkra strauma í sjó fram og mikils vatnsmagns. Því sé talið ólíklegt að námuvinnsla við Undirhlíðar verði til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki.

3.3.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur að fyrirhugað efnistökusvæði og aðkomuvegur næst námunni eru að mestu leyti innan fjarsvæðis vatnsverndar. Fyrir liggur áhrifamat á vatnshlot með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar (áður Umhverfisstofnunar) og áhættumat vegna hættu á mengun grunnvatns. Niðurstöður bendi til þess að ekki sé líklegt að möguleg mengun innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis berist á móti grunnvatnsstraumi til Kaldárbotna eða að mögulegu vatnsbóli í Fagradal. Skipulagsstofnun telur ljóst að ekki er ásættanlegt að neikvæð áhrif á grunnvatn verði af völdum efnistökkunnar og leggur því mikla áherslu á vöktun grunnvatns sem og á þær aðgerðir til mótvægis sem framkvæmdaraðili reifar í umhverfismatsskýrslu sem eiga annars vegar að koma í veg fyrir að mengun berist frá fyrirhugaðri efnistöku í grunnvatn og hins vegar skýra



viðbragðsáætlun ef mengunaróhapp verður. Stofnunin bendir jafnframt á að við leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli skipulagslaga skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

3.4 Áhrif á fornleifar

3.4.1 Mat Hafnarfjarðarbæjar

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdasvæðið sé á svæði sem njóti hverfisverndar m.a. vegna þjóðleiða og fornleifa. Framkvæmdin sé talin hafa áhrif á tvær fornleifar, annars vegar vörðu sem sé vel greinanleg og hins vegar Dalaleið sem sé gata sem teljist vel greinanleg. Þær séu báðar friðaðar og hafi 15 metra friðhelgað svæði. Þar sem varðan sé á svæði sem sé talið hagkvæmast til efnistöku sé talið óhjákvæmilegt að raska henni og ef til hámarksefnistöku komi verði Dalaleið raskað að hluta til. Sótt verði um leyfi til Minjastofnunar Íslands til að raska þessum fornleifum. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á fornleifar verði óverulega neikvæð. Áhrifin eru talin sambærileg á milli valkosta um legu Leiðarendavegar.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Nálægar fornleifar verða merktar í samráði við Minjastofnun Íslands til að koma í veg fyrir rask á meðan efnistöku stendur.

3.4.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er heimilað að varða víki og að fyrirbyggjandi fornleifaskráning teljist fullnægjandi rannsókn. Varðandi Dalaleið telur Minjastofnun að það ætti að vera sérstakt kappsmál að forðast að raska Dalaleið sem er dæmi um forna þjóðleið sem sé nýtt af útivistarfólki til að fara um svæðið og að þær hafi talsvert minjagildi. Stofnunin telur matsskýrsluna greinargóða en undirstrikar að gamlar götur og vörður hafi gildi sem minjaheildir, í raun langt út fyrir framkvæmdasvæðið.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ákveðið hafi verið að breyta afmörkun og draga úr umfangi fyrirhugaðs efnistökusvæðis til suðausturs, með það að leiðarljósi að hlífa Dalaleið fyrir raski. Skráð lega leiðarinnar ætti því ekki að breytast vegna framkvæmdarinnar. Minjar verði merktar á meðan efnistaka og flutningur eigi sér stað.

3.4.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur að framkvæmdaraðili hefur brugðist við athugasemd Minjastofnunar og dregið úr umfangi efnistökunnar til að hlífa Dalaleið og telur Skipulagsstofnun því áhrif framkvæmdanna á fornleifar verði óveruleg.

3.5 Áhrif á gróður og fugla

3.5.1 Mat Hafnarfjarðarbæjar

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að könnun á gróðurfari hafi leitt í ljós að gróður sé víðast fábreyttur innan framkvæmdasvæðisins og hafi engar sjaldgæfar eða friðlýstar plöntutegundir fundist. Efnistakan sé talin hafa staðbundin neikvæð áhrif á gróður vegna þess gróðurs sem fari forgörðum við framkvæmdina en umfang rasks vegna efnistöku verði um 25 ha. Fram kemur að fuglalíf á svæðinu sé fremur fábrotið og að á framkvæmdasvæðinu hafi ekki sést til neinna fuglategunda sem séu á valista. Efnistakan sé talin hafa staðbundin neikvæð áhrif á þá fugla sem nýti sér svæðið til varps og fæðunáms. Niðurstaða framkvæmdaraðila sé að efnistakan muni hafa



óverulega neikvæð áhrif á gróður og fugla þar sem áhrifin séu staðbundin og ekki líkleg til að rýra verndargildi þess. Valkostir um legu Leiðarendavegs séu taldir hafa sömu áhrif á gróður og fugla.

3.5.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að æðaplöntutegundin blátoppa (*Sesleria albicans*), sem sé á valista í verndarflokki VU (tegund í nokkurri hættu), vaxi í námunda við úttektarsvæðið en hún hafi ekki fundist á svæðinu í úttektinni 2024. Framkvæmdir víða á höfuðborgarsvæðinu og upplöndum þess ógni útbreiðslu tegundarinnar og muni efnistakan skerða möguleika hennar til að dreifa sér inn á svæðið. Einnig bendir stofnunin á að lúpína finnist á svæðinu og það sé mikilvægt að hún dreifist ekki víðar vegna vinnslunnar eða við frágang svæðisins. Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að stofnunin geri athugasemdir við það að athuganir á fuglalífi hafi ekki farið fram á varptíma til að meta varpþéttleika á svæðinu

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæðið sé ekki umfangsmikið að flatarmáli og geti varla talist alvarlega takmarkandi fyrir útbreiðslu æðplantna þar sem svipað búsvæði megi finna víða í kring og í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Einnig megi benda á að lúpína sé þegar í mikilli útrás á svæðinu, sem dragi úr gildi svæðisins fyrir blátoppu, óháð efnistöku. Bent er á að fuglalíf hafi lítið breyst á svæðinu miðað við athugun 1999 og þrátt fyrir að áætlaður varpfjöldi hafi ekki verið metinn á svæðinu gefi talning í júlí ágæta mynd af fjölda fugla og þeim tegundum sem nýta svæðið að staðaldri. Varðandi útbreiðslu lúpínu kemur fram að miðað við eldri loftmyndir sé hún að auka útbreiðslu sína nokkuð hratt yfir gróðurhverfi á svæðinu líkt og mosamelavist. Námufróftur muni, a.m.k. tímabundið, líklega minnka flatarmál lúpínubreiða á svæðinu. Rétt sé að hætta sé á að lúpínufræ geti geymst lengi í jarðvegi og geti dreift sér á ný þegar jarðvegur af svæðinu sé nýttur í frágang. Hvort sá dreifingarhraði verði meiri eða minni en sá sem þegar eigi sér stað á svæðinu sé erfitt að meta. Í umhverfismatsskýrslu sé gert ráð fyrir að uppgræðsla verði einskorðuð við tegundir sem falli undir skilgreininguna „Íslenskur gróður“ eða „náttúrulegur gróður“. Lykilatriði sé að ná að loka vel jarðvegsyfirboði sem fyrst og nýta gróður sem sé fær um að mynda samfellda þekju, eða geti keppt við lúpínu ef hún haslar sér völl. Megi þar nefna t.d. ilmbirki sem þrífst ágætlega í samkeppni við lúpínu, sér í lagi ef það fær nokkurra ára forskot, og geti með tímanum skyggt lúpínuna út ef nægur krónuþéttleiki næst.

3.5.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða svæði sem er bæði með fábreyttum gróðri og fábrotnu fuglalífi. Lúpína er útbreidd og því mikilvægt að vanda til verka við uppgræðslu og frágang efnistökkunnar líkt og Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun benda á. Ljóst er að gróður mun raskast á 25 ha svæði og að fuglar munu í einhverjum mæli missa búsvæði sín og verða fyrir truflun vegna aukinnar umferðar efnisflutningabifreiða og vinnuvéla. Að framansögðu munu neikvæð áhrif á fugla og gróður ekki verða veruleg að mati Skipulagsstofnunar.

3.6 Áhrif á samgöngur

3.6.1 Mat Hafnarfjarðarbæjar

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að á meðan á efnistöku standi muni umferð til og frá Undirhlíðum aukast. Ekki liggi fyrir hvert nákvæmlega efni verði flutt en líklegt sé að það verði fyrst og fremst til Hafnarfjarðar og á ýmsa staði á höfuðborgarsvæðinu. Því sé lögð áhersla á að fjalla um áhrif efnisflutninganna á Leiðarendaveg og Krýsuvíkurveg. Miðað við að hver áfangi sé unninn á 5 árum og að hver áfangi gefi af sér að hámarki 1.500.000 m³ af efni er áætlað að það verði að hámarki 107.000 ferðir af efni frá námunni í hverjum áfanga. Ef gert sé ráð fyrir að ferðirnar dreifist jafnt yfir virka daga sé um að ræða u.þ.b. 80 ferðir frá námunni á dag. Í hlutfalli við núverandi umferð um Krýsuvíkurveg sé aukningin á bilinu 1-6% sem sé almennt talið óverulegt. Helsta breyting frá núverandi ástandi sé aukin umferð um Leiðarendaveg enda sé það lokaður vegur sem



fáir eigi erindi um nema þá helst í tengslum við útivist og ferðaþjónustu. Ekki sé talið að efnisflutningarnir hafi áhrif á umferðaröryggi á svæðinu. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdirnar muni hafa óveruleg til talsvert neikvæð áhrif á samgöngur á framkvæmdatíma. Ekki sé talinn munur á milli valkosta um legu Leiðarendavegs.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Skoðað verði í samráði við Vegagerðina hvort lækka eigi hámarkshraðann á Krýsuvíkurvegi, við afleggjarann að Leiðarendavegi.

3.6.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn sinni staðfestir Vegagerðin að umferðaraukning á Krýsuvíkurvegi vegna framkvæmdanna verði hlutfallslega lítil, þar sem fyrir sé töluverð þungaumferð á veginum. Umferð um Leiðarendaveg muni þó aukast verulega, þar sem núverandi umferð sé mjög takmörkuð og vetrarþjónusta sé ekki viðhöfð á veginum. Vegagerðin telji því nauðsynlegt að skoðaðar verði mögulegar mótvægisáðgerðir til að tryggja umferðaröryggi á svæðinu. Í skýrslunni komi fram að færa þurfi legu Leiðarendavegar til að tryggja betri efnisnýtingu og aukið öryggi. Slík framkvæmd sé hvorki hluti af gildandi áætlunum Vegagerðarinnar né séu slíkar framkvæmdir fjármagnaðar. Vegagerðin óski því eftir frekara samtali við framkvæmdaðila til að ræða framkomnar tillögur.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að skoðaðar verði mögulegar mótvægisáðgerðir í samráði við Vegagerðina til að tryggja umferðaröryggi á svæðinu auk samráðs vegna legu Leiðarendavegar um svæðið.

3.6.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Ljóst er að umferð þungaflutningabifreiða vegna fyrirhugaðrar efnistöku kemur til með að aukast og þá einkum um Leiðarendaveg. Skipulagsstofnun leggur áherslu á samtal við Vegagerðina varðandi legu Leiðarendavegar og umferðaröryggi vegarins en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við umfjöllun Hafnarfjarðarbæjar í umhverfismatsskýrslu eða niðurstöðu um vægi áhrifa.

3.7 Áhrif á hljóðvist

3.7.1 Mat Hafnarfjarðarbæjar

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að helstu áhrif framkvæmdanna á hljóðvist séu vegna vinnu við efnistöku úr námunni sem feli í sér sprengingar, fleygun, umferð vinnuvéla á efnistökusvæðinu og efnisflutningar. Næsta íbúðabyggð við framkvæmdasvæðið séu Vellirnir í Hafnarfirði en þeir séu í um 6 km fjarlægð og séu því taldir litlar líkur á því að sprengingar hafi neikvæð áhrif á hljóðvist í byggð. Framkvæmdasvæðið sé innan Reykjanesfólkvangs sem sé tilvalinn til útivistar og náttúruskoðunar og sé hljóðvist því mikilvægur þáttur á svæðinu. Áhrif á hljóðvist vegna framkvæmdanna verði fyrst og fremst staðbundin við vegi og svæði í næsta nágrenni svæðisins. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á hljóðvist verði óverulega neikvæð.

3.7.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að áhrif af völdum efnistökkunnar á hljóðvist í næstu íbúðarbyggð verði hverfandi. Ljóst er að þeir aðilar sem stunda útivist í nágrenni efnistökusvæðisins munu verða varir við hávaða á framkvæmdatíma en stofnunin telur að ekki sé líklegt að um verði að ræða verulegt ónæði af hennar völdum.



4 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025. Í gildi er deiliskipulag, Undirhlíðar, þar sem útfærð er stefna um magn efnistöku, áfangaskipting, afmörkun svæðis, aðkomu og frágangur. Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir breyttri legu Bláfjallavegar (nú Leiðarendavegar) en mögulega þarf að breyta skipulaginu í samræmi við niðurstöður umhverfismatsins, til að mynda varðandi magn efnistöku, áfangaskiptingu eða legu vegar.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Náttúruverndarstofnunar fyrir jarðraski innan Reykjanesfólkvangs samanber auglýsingu um friðlýsingu hans. Jafnframt er framkvæmdin háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness vegna vinnslu jarðefna og reksturs vinnubúða samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Auk þess er framkvæmdin háð leyfi Minjastofnunar Íslands vegna rasks á fornleifum samkvæmt lögum um menningarminjar og leyfi heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Hafnarfjarðarbæjar um efnistöku úr Undirhlíðum, Hafnarfirði sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu Hafnarfjarðarbæjar eru kynnt áform um efnistöku á allt að 4,8-5,8 milljónum m³ af föstu efni, aðallega bólstrabergi, úr Undirhlíðum í fjórum áföngum í samanlagt 20 ár.

Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar eru á landslag, ásjúnd og útivist. Fyrir liggur að efnistaka hefur áður farið fram norðan megin við Leiðarendaveg og er áætlað að umfang fyrri efnistöku hafi verið um 3-5 milljón m³ og því má segja, að mati Skipulagsstofnunar, að neikvæð ásjúndaráhrif séu að mörgu leyti komin fram vegna efnistöku fyrri ára þó að ljóst sé að efnistökusvæðið verður meira áberandi við stækkun. Að einhverju leyti kann fyrirhuguð stækkun námunnar að hafa neikvæð áhrif á gildi svæðisins til útivistar auk þess sem útivistarfólk kann að verða fyrir ónæði af völdum hávaða frá námunni. Umfang neikvæðra sjónrænna áhrifa fer eftir því hvernig til tekst með frágang efnistökusvæðisins en framkvæmdaraðili hyggst ganga frá hverjum áfanga fyrir sig áður en hafin er vinnsla úr næsta og er sú tilhögun til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum á ásjúnd framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á jarðmyndanir verði nokkuð neikvæð þar sem um er að ræða óafturkræft jarðefnanám innan Reykjanesfólkvangs en hins vegar njóta jarðmyndanirnar, sem verða fyrir raski, ekki sérstakrar verndar. Skipulagsstofnun telur ekki ásættanlegt að grunnvatn verði fyrir neikvæðum áhrifum af völdum efnistökkunnar og leggur því mikla áherslu á vöktun grunnvatns sem og á þær aðgerðir til mótvægis sem framkvæmdaraðili reifar í umhverfismatsskýrslu sem eiga annars vegar að koma í veg fyrir að mengun berist frá fyrirhugaðri efnistöku í grunnvatn og hins vegar skýra viðbragðsáætlun ef mengunaróhapp verður. Stofnunin bendir jafnframt á að við leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli skipulagslaga skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.



Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif vísast til niðurstaðna í 3. kafla að framan og framkvæmdatilhögunar, mótvægisáðgerða og vöktunar sem gerð er grein fyrir í umhverfismatsskýrslu Hafnarfjarðarbæjar.

Reykjavík, 4. febrúar 2026

Jakob Gunnarsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

